



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 16 — MAÍ '80



Útgefandi ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun þriðja hvers mánaðar, efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 15. næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formaður: Guðjón Ó. Magnússon, s. 36059
Gjaldkeri: Einar Steingrímsson, v. 24400
Ritari: Magnús Guðmundsson, s. 30214
Varaformaður: Björn Vilhjálmsson, s. 16543
Meðstjórn: Ingvar Teitsson, s. 99-3810
Torfi Hjaltason

Ritnefnd:

Ábyrgðarm.: Ingvar Teitsson
Aðrir í ritnefnd: Magnús Guðmundsson
Sighvatur Blöndahl, s. 44689, v. 10100
Snævarr Guðmundsson, s. 85070
Guðlaug Halldórsdóttir, s. 74749

Ferðanefnd:

Einar H. Haraldsson, s. 75694
Guðjón Ó. Magnússon
Torfi Hjaltason
Björn Vilhjálmsson

Húsnefnd:

Björn Vilhjálmsson
Vilborg Hannesdóttir
Pétur Ásbjörnsson

EFNISYFIRLIT:	bls.
Frá stjórninni.....	3
Félagsstarfið.....	4
Skíðaferð: Skógar - Sigalda.....	8
Um hnetur og stíl.....	11
Himalaya 1979.....	18
Klettagráður.....	21
Leiðarvísir ÍSALP nr.10 - Vífilsfell.....	22
Fréttapistill.....	28
Ferðir og fundir ÍSALP.....	30

Forsíðumyndin: Í hliðum Hrútsfjalls.
Ljósm. Torfi Hjaltason. - apríl '80.

Offsetvinna: Repró.

Prentun: Formprent

Vélritun: Brynhildur Þorkelsdóttir.

Frá stjórninni:

Með þessum orðum er 16. heftinu af tímariti ÍSALP fylgt úr hlaði. Á þeim þremur árum, sem íslenski Alpaklúbburinn hefur nú starfað, hefur honum þokað mjög fram á veg. Klúbburinn hefur vaxið upp úr nánast engu í það að vera landsþekkt stofnun, sem æ fleiri vitna í, þegar nútíma fjallamennsku ber hér á góma. Tímarnir hafa vissulega verið okkur hliðhollir að því leyti, að útivist og fjallamennska af því tagi, sem ÍSALP hefur beitt sér fyrir, á sífellt vaxandi vinsældum að fagna. Auknar tómstundir alls almennings, nýr og hentugri útbúnaður til göngu- og fjallaferða og vaxandi skilningur á hollustu útivistar yfirleitt - allt þetta auðveldar ÍSALP að ná sínu upprunalega markmiði, þ.e. að efla áhuga manna á fjallamennsku.

Auk jákvæðu hliðanna er því ekki að neita að dekkri hliðar eru hér einnig til. Augu okkar eru smám saman að opnast fyrir því, að „hin ósnortna náttúra Íslands“ er e.t.v. ekki svo ósnortin lengur, hvað þá að líklegt sé, að hún verði ósnortin um alla framtíð. Erlendir gestir ÍSALP hafa á liðnum sumrum vakið athygli á þeirri sérstöðu, sem fjallamennska á Íslandi hefur haft: Hér má reika um fjöllin svo dögum skiptir án þess að rekast á annað fólk og jafnvel án þess að rekast á troðnar slóðir eða merki um mannaferðir yfirleitt. Þetta verður einkum kærkomið þeim, sem kynnst hafa löngum biðröðum í kringum fjallstinda erlendis, t.d. í Úlpunum. Við hljótum því að leggja við hlustirnar, þegar útlendingar eru að vara okkur við offjölgun og mengun á fjallasvæðum. Lærdómurinn verður e.t.v.: Varðveitum af fremsta megni ósnortna náttúru og hreinleika íslensku fjallanna. Þótt við sýnum útlendingum gestrisni,

skulum við þó jafnan meta að verðleikum spakmælið: Ísland fyrir Íslendinga.

Tímarit ÍSALP hefur nú komið út reglulega um tveggja ára skeið, sex blöð á ári. Eftirleiðis verður hins vegar breyting á, því að ákveðið hefur verið að fækka blöðunum í fjögur á ári. Næsta hefti kemur því væntanlega í ágúst í sumar - og síðan þriðja hvern mánuð.

Hér er e.t.v. verið að draga seglin nokkuð saman, en von okkar er þó, að með þessu megi gera efni og frágang vandaðri, auk þess sem þetta léttir álagið á ritnefndinni.

Bókasafn klúbbsins dafnar stöðugt og er nú að verða eitt hið besta sinnar tegundar hér um slóðir. Skýlt er að geta hér höfðinglegrar gjafar, sem safninu barst í apríl s.l. Ekkja Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, frú Lydia Pálsdóttir, og sonur þeirra, Ari Trausti Guðmundsson, gáfu safninu 17 vandaðar bækur úr eigu Guðmundar, sem allar varða fjallamennsku meira eða minna. Er ÍSALP mikill fengur að þessum bókum og ætti þetta að verða okkur hvatning til að koma betra skipulagi á safnið en verið hefur til þessa.

Síðfellt fleiri tala nú um nauðsyn þess að ÍSALP komi upp skála á hentugu fjallasvæði á Suðvesturlandi. Mest hefur hér verið rætt um Botnsúlur, t.d. mætti þar reisa skála í Súlnadal vestan til við Syðstusúlu. Reynsian úr Tindfjöllum sýnir okkur, að skáli örvar mjög ásókn á viðkomandi svæði, en Botnsúlur eru kjörlendi fyrir fjallamennsku af margvíslegu tagi, nær allt árið um kring. Fjarskortur verður væntanlega fjötur um fót í þessu efni fyrst um sinn. Hvað um það, þetta er mál, sem ÍSALP hlýtur að beita sér fyrir af alvöru fyrr en seinna.

Ingvar Teitsson.

Félagsstarfið

Helgrindaferðin, Eyjafjallajökulsferðin, Ísfossaferðin og Botn-súlnaferðin féllu allar niður vegna veðurs, þátttökuleysis eða af öðrum orsökum.

Snjóklifurnámskeið var haldið í Móskaröshnúkum laugardaginn 30.mars. Kennnd voru undirstöðuatriði snjóklifurs, stöðvun með ísöxi, tryggingar í snjó og ís svo eitthvað sé nefnt. Veður var mjög gott og aðstæður samlagar. Þátttakendur voru 12 og leiðbeinandi var Hreinn Magnússon.

Magnús Guðmundsson.

Heimsókn Sam Crymble.

Haustið 1978 var fyrst hreyft þeirri hugmynd að reyna að fá hinn þekkt skoska fjallamann Hamish MacInnes í heimsókn til ÍSALP. Okkur hafði þá borist til eyrna, að Blacks-fyrirtækið í Skotlandi kynni að vera reiðubúið til að greiða flugfar hans, ef ferðin yrði um leið kynning á Blacks-vörum.

Ekkert varð þó úr þessari heimsókn. Í ársbyrjun 1979 var málið kannað og kvaðst MacInnes þá ekki hafa tíma til Íslandsferðar að sinni. Málið var tekið upp að nýju í okt. s.l., en niðurstaðan varð sú sama: MacInnes hafði ekki tíma.

Nú í ársbyrjun 1980, þegar undirritaður dvaldi um skeið í London, var málið enn tekið upp. Í fyrstu tóku forsvarsmenn Blacks málinu fálega, en með dyggum stuðningi gamalreynds Íslendinga í London, Björns Björnssonar, tókst þó að fá Blacks-mennina til að útvega skoska fjallamann til fararinnar. Blacks lofaði þá einnig að greiða flugfar Skotans.



Kennnd björgun úr sprungu.-
Ljósm. Sighvatur Blöndahl

Skoti sá, sem valdist til ferðarinnar, heitir Sam Crymble, af írskum uppruna, og hefur um meir en 10 ára skeið kennt fjallamennsku í Skotlandi, nú síðast við útivistarskóla skoska íþróttaráðsins í Glenmore Lodge. Auk mikillar klifurreynslu í Skotlandi hefur Sam m.a. klifrað í Perú, Yosemite-þjóðgarðinum í Bandaríkjunum, í Noregi, á Baffinslandi og víðar.




Þátttakendur fylgdust einbeittir með öllu sem fram fór. - Ljósm.Einar Steingrímsson.

Sam kom svo til Íslands þ.29. apríl s.l. Kvöldið eftir hélt hann mjög fróðlegt erindi og sýndi litskyggnur í Slysavarnarhúsinu við Grandagarð. Erindið fjallaði að mestu um ísklifur í Skotlandi, m.a. útskýrði Sam ýtarlega skosku ísklifurgráðurnar. Húsfyllir var, um 140-150 manns. Þennan sama dag var jafnframt vörusýning í Slysavarnarhúsinu á vegum Eddu h/f, þar sem m.a.voru sýndar vörur frá Blacks, Troll og breskum þurrmatarframleiðanda.

Morguninn eftir, 1.maí, fóru nokkrir af félögum ÍSALP með Sam í kynnisferð um Suðvesturland. M.a. skyldi gengið á Botnssúlur og reynt við ísklifur þar. Illviðri í Botnssúlum kom þó í veg fyrir allt klifur þar, en í staðinn var farið um stund í kletta-klifur á Þingvöllum og sögu- staðurinn skoðaður. Á heimleiðinni var komið við í Hveragerði og varð Sam ekki síður undrandi yfir jarðhitann þar en því, hve íslenskt berg er illa til klifurs fallið.

Að kvöldi 1.maí hélt Sam stutta æfingu fyrir nokkra félaga ÍSALP í grjótnámu í Óskjuhlíð.



Sam sýnir ísklifur í Gígjökli.-
Ljósm. Einar Steingrímsson.

inni, kynnti þar m.a. björgunartækni, sem nota má, þegar tveir klifra saman og annar hrapar.

Um helgina 3.-4.maí stóð ÍSALP svo fyrir ísklifurnámskeiði í Gígjökli Eyjafjallajökuls, þar sem Sam kenndi 16 félögum klúbbsins ísklifurtækni. Að kvöldi 2.maí var undirbúningsfundur á Grensásvegi 5, en að morgni þess 3. var ekið austur á bóginn. Það bar til nýlundu hér, að kvikmyndatökumenn sjónvarpsins slógust með í förina, var fyrsti hluti námskeiðsins í Gígjökli festur á filmu. Áður höfðu raunar fréttamenn útvarpsins rætt við Sam (hinn 1.maí). Fékk starf ÍSALP af þessu hina bestu kynningu í ríkisfjölmíðlunum.

Veður var hið besta í Gígjökli þessa helgi og námskeiðið vel heppnað. Á laugardaginn fór Sam í beitingu brodda og axa, kynnti m.a. nýjar gerðir af ísöxum og íshömrum. Virtust sum þeirra áhalda með því besta, sem hér hefur sést. Á sunnudaginn var svo kennd notkun lína og trygginga í ís og snjó. M.A. syndi Sam þar ýmis brögð, sem nota má við að „sækja“ ís-skrúfur og axir, þegar sigið er niður úr öfærum. Einnig var kennd björgunartækni, sem hentar, þegar tveir klifra saman.

Sam Crymble hélt heimleiðis þ.6. maí, eftir vel heppnaða vikudvöl hérlandis. Þótt þessi heimsókn yrði ÍSALP óneitanlega talsvert dýr, verður ávinningurinn af henni tæpast metinn til fjár. Hér gerist það í fyrsta skipti um margmáratuga skeið, að erlendur atvinnumaður heldur fjallamennskunámskeið á Íslandi. Þetta var ekki aðeins fróðlegt fyrir þá, sem þátt tóku í námskeiðinu, heldur einnig hvetjandi fyrir alla þá, sem vilja vinna íslenskri fjallamennsku gagn. Hlýtur þetta að örva okkur til að halda fleiri slík námskeið hér, um leið og þetta skapar tengsl við skoska fjallamenn og þá sérstaklega hinn þekktu skóla í




Í lóðréttum ísvegg. -
Ljós m. Einar Steingrímsson.

Glenmore Lodge. Fjallamennska hérlandis er enn á slíku byrjunarstigi, að við getum ótal margt lært af gestum á borð við Sam Crymble.

Ingvar Teitsson.



Helly-Hansen



PÁLMASSON OG VALSSON

KLAPPARSTÍG 16


SÍMI: 27745



Skíðaferð: Skógar — Sigalda

Ferðin hófst sunnudaginn 30.mars 1980 með því að ekið var austur að Skógum undir Eyjafjöllum. Ætlunin var að ganga þaðan upp á Fimmvörðuháls, yfir Mýrdalsjökul og inn í Sigöldu með viðkomu hjá Álftavatni og í Landmannalaugum. Þeir sem þátt tóku í þessari ferð, voru Guttormur B.Þórarinnsson, Óli R. Gunnarsson, Þór Ágísson og Guðjón Ó.Magnússon, allir félagar í Flugbjörgunar-sveitinni í Reykjavík.

Útbúnaður var svipaður og í helgarferðum að vetrarlagi, enda aðeins ráðgert að vera í 4-5 daga í mesta lagi á göngu. Meðal þess sem við höfðum meðferðis var eitt 4.manna þeyðar-skýli, „bragga“ tjald frá Helsport, en við ætluðum annars eingöngu að gista í skálum og lögðum leið okkar með tilliti til þess. Gerðum við þó ráð fyrir að þurfa að nota tjaldið á Mýrdalsjökli, ef veður og færi væri óhagstætt. Jökla-



Gutti skeiðar áfram með þotuna í eftirdragi.-
Ljós. Guðjón Ó.Magnússon. - apríl '80.



Við Álftavatn, horft til suðvesturs. -
Ljós. Guðjón Ó.Magnússon, - apríl '80.

útbúnað, vað, brodda og ísöxi höfðum við meðferðis enda óráðlegt að leggja á jökul án hans.

Farangurinn vóg um 25-30 kg á mann og skiptum við þyngdinni þannig, að rúmur helmingur var dreginn á plastþotum, en afganginn bárum við á bakinu í Dungal Huston Alpinisk bakpokum. Þeir okkar voru á Fischer Evrópa 99 skíðum, enda hafa þau reynst sterkust skíða sem völ eru á. Ein breyting var gerð á tvennum Fischer skíðanna, þ.e. fræst voru hreistur á botn þeirra. Reyndist það ágætt. Sá fjórði var á Trak Mountain.

Ferðin gekk vel og slysalaust, og voru allir ánægðir með hana. Að okkar mati var hún hæfilega

löng, 5 dagar og um 120 km. Aðeins einn dagur reyndist okkur langur, þ.e. dagurinn yfir Mýrdalsjökul. Þá fengum við talsverðan mötvind, hrímpöku og þungt færi. Fór svo, að við þurftum að tjalda undir Bláfjöllunum við rætur Mýrdalsjökuls, því að við komumst hvorki í Álftarvatns- né Hvanngils-skála.

Þeir sem hafa ferðast um þetta svæði, þekkja fegurðina, sem þar er að finna. Við vorum óneitanlega heppnir með veður, meðan við gengum um þetta svæði, sérstaklega þó miðvikudaginn 2.apríl, þegar við gengum frá Álftavatni yfir í Landmannalaugar um Hrafninnsker. Þá sást hvorki ský í norðri né suðri. Töldum við, að við höfðum upplifað fáa slíka daga og myndum lengi búa að



Formaður Alpklúbbsins hvílir lúin bein í Landmannalaugum. - Ljósm. Þór Egiðsson.

þeirri fegurð sem við nutum þar. Aðal ástæðan fyrir því, að við gengum frá suðri til norðurs var ekki til að hafa sólina í bakið heldur til að njóta laugarinnar í Landmannalaugum í ferðalok. Það er jafnvel þess virði að fara inn í Laugar aðeins til að baða sig, og við álitum að skemmtilegra sé að vera þarna að vetri en sumri, því að þá er maður laus við „turistanna“.

Ekki var þessi leið tæknilega erfið. Þó verður eflaust að

varast snjóflóðahættu, þegar farið er upp eða niður brekkurnar við Kaldaklofsfjöllin og fyrir ofan Landmannalaugar. Er þessi leið mjög heppileg til slíkra ferða, því að stutt er á milli skála. Um leið og ég lýk þessari frásögn vil ég hvetja félagsmenn til þess að leggja land undir fót á næstu skiðavertíð og skoða þetta landsvæði, þið munuð ekki svikin af því.

Guðjón Ó. Magnússon.

Um hnetur og stíl

Tilgangur þessa pistils er að kynna tilurð og þróun hnetar (enska: nuts/wedges/chocks), áhrif þeirra á nútíma klifur og enn fremur nokkrar tillögur og leiðbeiningar um notkun þeirra.


Bretar tóku snemma upp á að tryggja klifurlínuna og sig, með að leysa sig úr línunni (meðan á klifri stóð), þræða hana bak við stein, klemmdan milli tveggja klettaveggja eða í sprungu, og hnyta sig svo aftur í. Með því að nota skorðusteinninn stýttu þeir mögulegt fall og juku öryggið meðan á klifri stóð. Upp úr 1949 fóru ungir klifrarar að velja hentuga og góða steina áður en þeir fóru að klifra og notuðu þá síðan í heppilegum sprungum á leiðinni. Þessir skorðusteinar voru gjarnan geymdir í vösum. Þekktir klifrarar þessa tímabils eru Bretarnir J. Brown & D. Whillans.

Skömmu síðar tóku einhverjir hugvitssamir (bretar) að bora út vélrær (nut á ensku), þræða í gegnum þær línur og nota rærnar til að tryggja klifurlínuna. Þetta var mikið stökk fram á við, því rær eru til í mörgum stærðum. Eftir þetta var þess ekki langt að bíða, að fyrirtæki byrjuðu að framleiða og þróa þessa gerð trygginga markvisst. Þessi framleiðsla og þróun hefur síðan leitt til þess marglita safns trygginga sem við í dag köllum einu nafni hnetur (nuts).


Tilkoma hnetar varð til að breyta miklu í umræðunni um klifur, notkun trygginga og viðhorfum manna til stíls, þ.e. persónulegrar framkomu og árangurs hvers og eins á berginu. Kostir hnetunnar eru margir og höfðar til mismunandi þátta. Fyrst má nefna að hnetur má oft nota þar sem fleygar koma ekki að gagni, t.d. í hornum og

undir bogum. Hún er hljóðlát, hamarshögginn og glamrið hverfa. Hún skemmir og eyðileggur ekki bergið eða skilur eftir sár sem sjá má langt að. Þannig má vernda náttúruna, bergið og leiðirnar svo að klifrarar og aðrir geti notið þeirra í sem upprunalegustu ástandi. Ekki sem ljót fleyður á umhverfinu. Og síðast en ekki síst krefjast hnetur þess að einstaklingurinn sé í nánú sambandi við bergið, útlit þess, lögun og eðli. Öfugt við fleyga er ekki hægt að sökkva hnetum alls staðar þar sem sprungur eru, heldur þarf útsjónasemi og næmi fyrir yfirborði bergsins. Helstu ókostir hnetar eru að þær útheimta nákvæmni og fyrirhyggju við ísetningu.

Um áhrif hnetar á viðhorf til klifurs má fyrst nefna að í dag er mest lagt upp úr að klifra leiðir án þess að nota nokkurn fleyg. Þar sem fjöldi þeirra sem klifra og umhverfisviðhorf krefjast þess að leiðir séu skildar eftir í sem upprunalegasta ástandi, hafa menn meir og meir hneigst frá notkun



②



TITONAR FRÁ FORREST.

②


HEX EÐA
SEXHYRNA.WEDGE EÐA
HNETA.

fleyga og hjálparklifurs-
aðferðum (enska: artificial aid),
og stórauðin hæfni manna og
geta gera þessi hjálpartæki ó-
náuðsynleg. Þetta á sérstak-
lega við um frjálst klifur
(free climbing), þar sem
einstaklingunum er stillt upp,
án tæknilegra hjálpartækja,
gegnt berginu. Þá eru hjálpar-
tækin (hnetur, karabinur o.fl.),
aðeins notuð í öryggisskyni ef
fall á sér stað. Þó eru fleygar
og hjálparaðferðirnar ennþá
notaðar í klifri á fjarlægum
slóðum sem og á hinum miklu
klettaveggjum (Yosemite,
Romsdal o.s.frv.).


Þá vaknar spurningin, hver er
hin rétti stíll? Nú eru
fleygar oft notaðir á leiðum
á lágri klettum. Á gömlum
leiðum eru oft fleygar fyrir
og þrátt fyrir ríkjandi
viðhorf eru engir til að við-
halda boðum og bönnum nema
klifrararnir sjálfir.

Þegar allt kemur til alls er það
alltaf sá sem klifrar sem ákveður
hvaða verkferi eða aðferðir hann
notar. Vel er hægt að ýminda sér
einhvern klifra í stigum og með
fleyga, upp leið sem alltaf hefur
verið klifin frjálst og með hnetum
eingöngu. Ef spurningunni hvor
klifri í betri stíl er svarað,
hlýtur að koma í ljós að sá
sem klifrar frjálst klifrar
með betri stíl. Hann stendur
og fellur með sjálfum sér en
ekki einhverjum tækniundrum.
Enn er spurningunni um hinn
réttu stíl ósvarað, en úti
í hinum stóra heimi hefur sú
regla hlotið almennt fylgi
að: Leið skuli ekki klifruð í
lakari stíl en þeir er
klifruðu hana fyrst. Menn
geta ráðið hvort þeir noti
"hreinni" stíl en hinir
fyrstu en þeir ættu ekki að
fjölga fleygum eða stiga-
köflum á leiðinni. Ef þeir

②


1. COPPER HEAD 2. ARROW HEAD
3. FOX HEAD. FRÁ FORREST.

②



'COG' FRÁ CLOG.

③

HNETA MEÐ 'ATAKS-
LÍNU NIÐUR.


þurfa það eru þeir á of
erfiðri leið og ættu að reyna
við einhverja auðveldari.
Að klifra leið að hætti þeirra
er fyrstir gerðu hana, er að
bera virðingu fyrir sköpun
annarra og viðurkenna verk
þeirra. En undir öllum kringum-
stæðum á að vernda umhverfið og
leiðina í sem upprunalegustu
ástandi.

Gerðir og útlit hnetu eru
margar og mismunandi eftir
framleiðendum. Helstu formin
eru þó sexhyrnd (hex=hexcent-
ric), sívöl eða fleyglaga
(foxhead-wedge), sjá mynd
1 + 2. Oftast eru hnetur
þannig að hægt er að skorða
þær á tvo vegu. Þær koma
ýmist þræddar með vír eða ó-
þræddar, í þær má ýmist láta
vír, línu eða borða (tape).
Vírþræddar hnetur koma yfir-
leitt að betri notum þar sem
stinga þarf hnetunni djúpt í
sprungu eða hagræða henni af
nákvæmni, og er þá tvöfaldur
vír betri en einfaldur.
Hvort nota eigi borða eða
línu er spurning um persónu-
legt val, þar sem rann-
sóknir hafa sýnt að þykkasta
lína eða borði sem kemst í
viðkomandi hnetu hafa svipaðan
styrk. En alltaf skal hafa
línuna eða borðann eins

sveran og kemst fyrir með góðu
móti í hnetuna.

Eitt einkenni hnetu er að þær
byggja yfirleitt aðeins í eina
átt. Þær eiga því vanda til að
lyftast upp úr skorðunni þegar
klifrað er framhjá. Þær verða að
fá átakið úr réttari átt, (sjá mynd
3 + 4). Til að koma í veg fyrir
þessa hættu, þarf yfirleitt að
tengja hnetuna við lykkju (sling)
og hana síðan við klifurlínuna,
þá er minni hættu á að hnetan
hreyfist eða losni. (Í lykkju
er gott að hnýta saman 1 1/2 m.
af 1 tommu borða). Annað ráð
til að minnka hættuna á að
hnetur losni, er að reyna að
láta klifurlínuna liggja í


④



a) GÓÐ FESTA

b) LAKARI

sem beinasta stefnu. Þetta
er hægt með að nota lykkjur
til að laga og samræma
tryggingarnar innbyrðis.
Önnur hættu er sú, að við fall
komi svo skakkt átak á trygging-
arnar að þær losni. Ráð til
að bjarga þessu er að setja
1 hnetu neðst, sem hefur
áttak upp en ekki niður,
þá stýrir sú hnetu átakinu
um tryggingakerfið og kemur
í veg fyrir að þær sem ofar
eru losni. (sjá mynd 5). Eitt
ráð enn, til að fyrirbyggja
að hnetur losni, er að láta
aðra hnetu með andstæða
átakslínu, halda tryggingar-
hnetunni á sínum stað.
Alltaf skal athuga, með
snörpum hnykk, hvort hnetan
sé vel fest en ef hnetu er



HNETA MEÐ ÁTAKSLÍNU UPP, STYRIR LÍNUNNI UPP TRYGGINGAKERFIÐ TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ HNETUR LUSNI.



fest með hamri skoðast hún sem fleygur.

Hnetur eru hæfastar til trygginga í lóðréttum sprungum en þó má einnig nota þær í láréttum. Í láréttum sprungum eru tvenns konar aðferðir notadrýgstar. Sú fyrri er að nota sprungur sem þrengjast að yfirborðinu og mynda nokkurs konar valsa (sjá mynd 6). Er hnetunni þá smeygt inn og hún færð að þrengri hluta


sprungunnar. Þessar festur eru oft tryggar fyrir átaki úr fleiri en einni átt (sjá mynd 7).

Hin aðferðin er að nota gagnstæða átakskrafta til að ná út tryggingu í þriðju áttina. Eru þá tengdar saman tvær hnetur með gagnstæða krafta og dragast þær þá saman við átak og festast betur, en mynda nothæfa tryggingu sem annars væri ekki völ á. Þessa aðferð verður, að sjálf-sögðu að nota af varkárni því oft er mjög erfitt að sjá út fyrirfram, hvernig átak í falli verður. En alltaf á að toga hneturnar eins þétt saman og mögulegt er, helst svo þétt að karabínan rétt komist fyrir. (Sjá mynd 8 + 9). Þá verður tryggingin eins og fyrr sagði öruggari undir átaki.


Þegar klifið er með hnetum eru oftast notaðar fleiri tryggingar en ef fleygar væru notaðir, þess vegna er vissara að hafa nokkurn fjölda með sér. Það er hægt að þrengva fleyg inn í of litla sprungu en ekki hnetu. Því er auðvelt að vanmeta þann fjölda sem þörf er fyrir í einni spönn, en á erfiðri 35 m. spönn gæti hæglega þurft 15



SÍVÖL HNETA (COPPERHEAD) Í LÁRÉTTI SPRUNGU.



GAGNSTÆÐIR KRAFTAR Í LÁRÉTTI SPRUNGU.




GAGNSTÆÐIR KRAFTAR Í LÁRÉTTI SPRUNGU.

hnetur, 10 lykkjur fyrir milli-tryggingar og 20-25 karabínur. En ef þú notar hnetur, notaðu þá fleiri heldur en færri og notaður tvær hnetur frekar en eina ef þú kemur þeim við. Þú gætir haft rangt fyrir þér með aðra hnetuna, en hin er þá til vara.

Oft getur verið erfitt að losa djúpsettar hnetur, eru þá vír-þræddar hnetur þægilegri en aðrar. En annars er gott að

ýta eða pota með löngum og grönnum fleyg eða stínum vír undir hnetuna og losa hana þannig. Einnig má draga línuna í gegnum efri endan á hnetunni og ná henni þannig, en oft er nóg að rykkja rösklega í klifurlínuna neðanfrá, losna þá flestar hneturnar (sjá myndir 10 + 11).


Að leiða (fara fyrstur í efri enda línunnar) með hnetum krefst meira en hnoða hnetum í sprungur og í holur. Að leiða með hnetum er að klifra með öryggi




siðferðisleg skylda okkar sem klifra að taka tillit til umhverfisins og félaga okkar, og misþyrma ekki berginu að óþörfu. Þessa klifurstaði sem við eigum (Stardalur, Þingvellir o.fl.) verður að vernda. Margir treysta hnetum ekki við fyrstu sýn, en til að fá tilfinningu fyrir og traust á hnetum, er best að æfa sig á lágum klettum (t.d. Öskjuhlíð). Með því að finna festu fyrir hinar ýmsu hnetur, tengja síðan við þær

og að hver trygging innan kerfisins sé í fullu samræmi við kerfið í heild sinni. Það er hluti af sköpun nýrrar klifurleiðar að útbúa tryggingakerfi sem er í innbyrðis samhengi og að hver festa taki tillit til allra hinna. En frekar en allt annað er það, að leiða með hnetum, að gera sér grein fyrir eigin takmörkunum, að veita minnstu útlitsbreytingum bergsins athygli, að gera sér grein fyrir kröftum og átakslinum með tilliti til falls og að þekkja styrk og veikleika þess útbúnaðar sem notaður er. Það er ekki bara að komast upp leið, sem skiftir máli, heldur hvernig við förum að því.

Á Íslandi hafa fleygar mest verið notaðir til þessa, en tími hnetunnar er nú kominn. Fleiri og fleiri taka til við íþróttina með hverju árinu sem líður en klifurstöðunum fjölga ekki. Það er því




HÆGT ER AÐ BERA HNETU MEÐ LANGRI LYKKJU Á ÞENNING HATT.



SEKHYENA (HEM)
Í GRUNNRI SPEUNGU.



ÞÆMI UM SPEUNGU
SEM ÞARF STÖRA HNETU
EN GRANNA LYKKJU.



GRÖF/SKOEÐA
MYNDUÐ AF Ö-
SÖFNUM Í BERG-
INU.

karabínu og lykkju, stíga síðan í lykkjuna og hoppa, kemur fljótlega í ljós hvers konar festur halda (sjá myndir 12 + 13 + 14) og hverjar halda ekki. Smám saman læra menn þá að vinna með hnetur og að treysta þeim. Og síðast en ekki síst, prófa og nota ólíklegustu festur, því þannig eykst þekkingin og

þannig aðlögunst við fljótast nýju formi trygginga.

Ég vona að þetta greinakorn hafi uppfrætt lesendur um tilkomu, þróun, áhrif og notagildi hnetunnar í nútíma klifri. Hnetan hefur þegar tryggt sér sess í klifursiðfræðinni og ekki seinna vanna að við förum að tileinka okkur þessa frábæru tækni.

Heimildir:

Advanced rockcraft
Royal Robbins.

Hin ýmsu fjallatímarit og bækur.

Þjórn Vilhjálmsson.

"Petit"
Súkkuláði

MEÐ Í
BAKPOKANN



Himalaja 1979

Þau gleðitíðindi bárust frá Nepal í upphafi s.l. árs, að þarlend yfirvöld hefðu ákveðið, að fjölga mjög þeim fjöllum, sem opin væru erlendum fjallgöngumönnum. Í Nepal er að finna flest hæstu og nafnkunnustu fjöll veraldar, eins og Mount Everest, hæsta fjall veraldar. Því þótti okkur tilhlýðilegt að rifja lítillega upp helstu leiðangra, sem farnir voru í Nepal og reyndar í Himalajafjöllum öllum á s.l. ári. Það er rétt að geta þess að til þessa hafa nánast einvörðungu verið gefin út leyfi til leiðangra tvö tímabil ársins, apríl til júní

og ágúst til október, en veður eru mjög váland á öðrum tímum.

Í upphafi tímabilsins gerðu Júgoslavar tilraun til þess að sigra Mount Everest, 8848 m. hátt, hæsta fjall veraldar, án notkunar súrefnis, en urðu að gefast upp og nota súrefni í mjög slæmu veðri. Það þótti með ólíkindum að þeim skyldi takast að sigra tindinn og sleppa lifandi, en þeir klifu vesturhrygginn.


Stuttu síðar lögðu Doug Scott og félagar til atlögu við Kanchenjunga, þriðja hæsta fjall veraldar. Reyndu fyrstir manna við hina erfiðu

norðurhlið fjallsins og tókst eftir mikinn barning í vitlausu veðri að sigra. Þeir höfðu þá verið á fjallinu sjálfu í rúmlega 7 vikur. Ama Dahlam, 6825 m. hátt, Matterhorn Himalajafjalla, var klifið í maí s.l. í fyrsta sinn í 18 ár, en það hafði verið lokað frá 1961. Það voru 6 Bandaríkjamenn ásamt hinum fræga breska fjallgöngumanni Martin Boysen, sem sigruðu fjallið að þessu sinni.

Hinn frægi franski skíða- og fjallgöngumaður, Sylvian Saudan og félagar hugðust í maí s.l. að klifa fjallið Dhaulagiri, 8167 m. hátt, og skíða síðan niður. Það gekk allt á afturfótunum hjá þeim og þegar í 7.600 m. hæð var komið fórust tveir leiðangursmenn í snjóflóði og hinir sluppu með skrekkin, tölvert lemstraðir, þ.á.m. Saudan sjálfur.

Kappinn Reinholdt Messner, gerði sér lítið fyrir í júlí s.l. að klífa K.2, annað hæðsta fjall veraldar, 8620 m. hátt, ásamt félaga sínum, án þess að nota súrefni, en ári áður hafði hann einmitt fyrstur manna ásamt Peter Habeler klifið Mount Everest án þess að nota súrefni. Til gamans má svo skjóta því að, að nú hefur Messner fengið leyfi til þess að leggja til atlögu við Everest einn síns liðs og „auðvitað“ án súrefnis og hann yrði að sjálfsgöngu fyrsti maðurinn til þess að klífa Mount Everest „solo“, auk þess að nota ekki súrefni.


Doug Scott var svo aftur á ferðinni í nóvember, þegar honum ásamt félögum sínum tókst að klífa hinn hríkalega norðurvegg Nupstetinds, 7910 m. háan.



Leiðin upp norðurvegginn á Nuptse

Að síðustu hafa þær fréttir borist af Pólverjum að þeim hafi tekist fyrstum manna að sigra Mount Everest að vetri til, en leiðangurinn stóð yfir frá miðjum nóvember s.l. fram í febrúar s.l.

Sighvatur/Blöndahl.



K2 - 8611m hátt í Karakórum- fjallgarðinum.

Allt í útilífið

Yfir 20 gerðir af bakpokum

KLIFURVÖRUR



Core-Tex
lamine
FATNAÐUR

OG

BAKPOKAR
FRÁ

berghaus

Útilíf

GLÆSIBÆ
SÍMI 30350

Klettagráður

Þær gráður yfir erfiðleika í bergklifri sem hér fara á eftir eru hinar svokölluðu Alpa-gráður eða UIAA-gráður. Þær taka aðeins yfir frjálst klifur. Sé um að ræða stigaklifur (artificial climbing) er það gráðað sér í gráðunum A0-A4. Ef eitthvert stigaklifur er á leið sem að öðru leyti er frjáls fær leiðin tvöfalda gráðu. T.d.: IV, A1, sem þýðir að á leiðinni er erfiðasta frjálst klifur af IV-gráðu auk þess sem á henni eru kaflar þar sem um stigaklifur af gráðunni A1 er að ræða. Ekki verður nánar fjallað um stiga-klifur og þær gráður sem því tilheyra að sinni.

Gráðurnar eru nánast þýddar beint upp úr tímariti UIAA (Alþjóðasamband alpaklúbba) nr. 84. Engin dæmi fylgja en við vonum að hægt verði að birta dæmi um a.m.k. neðri hluta gráðustigans áður en langt um líður. Einu skyldu menn taka eftir en það er sú venja sem víðast er við höfð að gefa leið gráðu eftir erfiðasta kaflanum. Einnig ættum við að hugleiða hvort gæði bergsins ættu ekki að hafa áhrif þegar leið er gefin erfiðleikagráða.

Magnús Guðmundsson.
Snævarr Guðmundsson.

I. Auðveldasta tegund klifurs í bergi en leið getur þó ekki talist gönguleið. Hendurnar eru notaðar til stuðnings. Byrjendur ættu þegar að vera bundnir í línu til öryggis.

II. Litlir erfiðleikar. Héðan af krefst þó klifrið „þriggja punkta festu“. (tvær fótfestur og ein handfesta eða ein fótfestu og tvær handfestur).

III. Í meðallagi erfitt. Millitryggingar milli megintrygginga æskilegar. Lóðrættir eða sluttandi kaflar með góðum festum geta krafist nokkurra átaka.

IV. Miklir erfiðleikar. Hér má segja að klifrið taki að stefna inn á alvarlegri brautir. Þó nokkur klifurreynsla nauðsynleg. Aukin notkun millitrygginga nauðsynleg. Lengri spannir.

V. Mjög miklir erfiðleikar. Mikil notkun millitrygginga. Gerir kröfur til mjög góðs líkamlegs ásigkomulags, tækni og reynslu (á lengri leiðum sérstaklega). Hinar lengri leiðir í Úlpunum og annars staðar sem teljast til þessarar gráðu, tilheyra alvarlegri fjallaferðum sem farnar eru.

VI. Óvenjulega miklir erfiðleikar. Klifurhæfni langt fyrir ofan meðallag en nauðsynleg fyrir þessa gráðu. Mikillar þjálfunar er þörf. Mjög opið klifur (mikið fall) með litlum, fátæklegum syllum fyrir megintryggingar. Spannir af þessari gráðu er aðeins hægt að klifra við góðar aðstæður.

VII. Einstaklega miklir erfiðleikar. Klifur af þessari gráðu aðeins mögulegt eftir mjög stranga, sérstaka þjálfun. Besti útbúnaður nauðsynlegur. Sérstaka þjálfun þarf fyrir hverja tegund bergs. Auk stórkostlegrar klifurgetu þarf mjög fullkomnar tryggingar-aðferðir vegna mikillar fallhættu.

Leiðarvísir ÍSALP:

Nr. 10: VÍFILSFELL

Vífilsfell (655m) er eitt af þekktari fjöllum í nágrenni Reykjavíkur. Það ris eins og kunnugt er austur af Sandskeiði og markar norðurendann á Bláfjöllum.

Vífilsfell heitir eftir Vífli, þræli Ingólfs Arnarsonar, en sagan segir að Vífill hafi gengið á fjallið á morgni hverjum til að gá til veðurs. Ekki hefur Vífill verið ónýtur göngumaður því vegalengdin sem hann hefur lagt að baki áður en hann hóf að sinna öðrum morgunverkum er um 50 km.

Göngur á Vífilsfell eru mjög tíðar og eru fá eða engin fjöll á höfuðborgarsvæðinu vinsælli að því leyti. Ferðafélag Íslands lét koma fyrir útsýnisskifu á tind fjallsins árið 1940. Oftast er gengið á fjallið frá Sandskeiði um norðuröxlina eða frá skarðinu milli Vífilsfells og Sauðadalshnúka.


Dálítið er sagt frá Vífilsfelli í árbók F.Í. 1936.

Besta kort sem fāanlegt er af Vífilsfelli og nágrenni, er loftmyndakort 1613 III, í mælikvarða 1:50.000. Annað kort er atlasblað nr. 37, Hengill, 1:100.000. Einnig má nefna aðalkort nr. 3, Suðvesturland, 1:250.000.

Nokkuð hefur verið klifrað í fjallinu á undanförmum árum, bæði í berg, snjó og ís. Aðallega hefur verið klifrað í norðvestur-hlið fjallsins. Sérstaklega er vert að minnast

á klettaleiðirnar en þær eru lengri í Vífilsfelli en gengur og gerist á öðrum æfingasvæðum í nágrenni Reykjavíkur. Bergið í fjallinu er fremur ótraust (möberg) og oft erfitt að koma fyrir öruggum tryggingum. Er því brynt fyrir mönnum að fara varlega við klifur í fjallinu.

Hér eru í fyrsta skipti notaðar markvisst erfiðleikagráður UIAA til að lýsa klifurleiðum í bergi á Íslandi. eru menn beðnir að taka gráður á einstökum leiðum



Vífilsfell - yfirliftskort.



Vífilsfell séð úr vestri. - Ljós. William Kaiser. - apríl '80.

og einstökum hreyfingum með nokkrum fyrirvara. Hér er um frumtilraun að ræða en reynslan mun væntanlega leiða í ljós, hvernig til hefur tekist. Einnig eru menn varaðir við því að rugla saman kletta-gráðunum og snjóklifurgráðunum.

Í þessum leiðarvísir er mest lagt upp úr klifurleiðunum en minni áhersla lögð á gönguleiðir. Kemur það til af því að fjallið er mjög þekkt og víða auðgengið á það. Klifur-slóðirnar þekkja hins vegar færri.

Einstakar leiðir:

I. Gönguleiðir:

Nr. 1: Norðuröxl

vegalengd: 3,5 km.

lóðrétt hækkun: 450 m.

göngutími: 1 - 1 1/2 klst.

Best er að leggja upp frá flugskýlinu við Sandskeið. Er þá bæði hægt að fara upp ölduna sem gengur norður úr fjallinu eða upp gilið sem verður milli fjallsins og öldunnar. Síðan er best að ganga beint upp á öxlina norður úr háfjallinu. Að vetrarlagi getur þó verið hengja í brun axlarinnar og snjóflóðahætta í hliðinni fyrir neðan. Upp á háeggina er farið um slakka NA í fjallinu. Er þar auðrætt á toppinn. Lítilsháttar brólt er efst en hvergi torfært.

Nr. 2: Gönguleið að austan

vegalengd: 1,5 km.

lóðrétt hækkun: 300m

göngutími: 1 klst.

Gengið er úrháskarðinu milli Vífilfells og Sauðdala-hnúka. Þangað er yfirleitt akfært að sumarlagi um veginn inn í Jósepsdal. Farið er beint upp um 150 m. háa skriðu á norðurðxlina.

Síðan gengið um 500 m. til vesturs og þá sveigt upp á háfjallið og fylgt sömu leið og nr. 1.


II. Bergklifurleiðir

Nr.3: Reykháfurinn.

Skemmtileg og fjölbreytileg klifurleið. Sú leið sem kemst næst því að liggja beint á hágnýpu fjallsins.

lóðrétt hækkun: 130 m.

Gráða: III.



Norðvesturveggur Vífilfells.-
Ljós. William Kaiser. - apríl '80.

áætlaður klifurtími: 1 1/2 klst.

útbúnaður: fleygar, karabínur, lykkjur (sling), lína. Best er að hafa a.m.k. 30 m. milli manna.

Gengið er upp skriðurnar norðvestan í fjallinu að klettunum. Síðan haldið upp klettafláana (I) og stefnt á hágnýpuna uns brattinn fer að aukast fyrir alvöru. Þá er farin sylla, skáhalt upp á við 15 m., til vinstri. Af henni klifrað upp um 10 m. eftir breiðri sprungu (III). Þar tekur við stór stallur, klifrað til vinstri upp Reykháf (III), 25 m. Er þá komið upp á lítinn stall. Þaðan klifið skáhalt upp á við til hægri (II) og síðan til vinstri (II+) uns brúninni er náð, 30 m. Fleyga má nota bæði í



Klifur á Reykháfsleiðinni. -
Ljós. Hreinn Magnússon, -
sept. '78.

Reykháfnum og fyrir ofan hann en hvergi eru augljósar fleygsprungur.

Nr.4: Skuldaskil

Skemmtileg klifurleið, frekar opin og brött. Líkl. fyrst klifin haustið 1979.

lóðrétt hækkun: 120 m.

Gráða: III+

áætlaður klifurtími: 2 klst.

útbúnaður: fleygar, karabínur, lykkjur, lína. (a.m.k. 25 m. á milli manna).

Farið upp klettafláana (I) og stefnt norðan við stapann sem gengur út úr hliðinni niður af hátoppnum. Stuttu áður en kemur að rótum stapans verðu fláinn brattari (II). Þar fyrir

ofan, norðan við ratur stapans, tekur við mosa-vaxin sylla.

Síðan er stefnt upp geilina sem myndast milli hliðarinnar og stapans (II), 15 m., en hún mjókkar þegar ofar dregur og endar í lóðréttum vegg. Þrá geilinni er klifrað út frá vinstri upp 6 m. háan vegg (III+) og síðan upp með stapanum 13 - 15 m (III). Þá er komið á mjóa syllu og er þar helst til trygginga að reka fleyga beint í möbergið. Nú er klifrað til hægri upp breiða sprungu (III+ e.t.v. hreyfingar (IV+), opið klifur, 20 m. Þá er brúninni náð.

Nr.5: „Nafnlaus leiðin“

Skemmtileg og góð æfinga-leið fyrir öreyndari klifrara.

lóðrétt hækkun: 100 m.

Gráða: II.

áætlaður klifurtími: 1-1 1/2 klst.

útbúnaður: fleygar, karabína, lína (20 m. milli manna).

Haldið upp klettafláana (I), nokkurn veginn á ská til vinstri uns komið er að brattari hluta veggjarins. Þá er farið eftir breiðri syllu til vinstri um 5 - 10 m., uns komið er að smá geil nokkuð mosavaxinni, klifrað upp hana hægra megin 15-20 m. (II). Þar fyrir ofan er lítið um tryggingar. Þaðan liggur leiðin um mosavaxnar syllur til vinstri, 20-25 m., að lítilli skoru í klettinum. Upp hana, 5 m. (II), og yfir bratt klettahaft, 2 m. (II+). Þaðan er haldið um 6 m. beint upp (II+) að litlu horni. Þar er hægt að millitryggja með breiðum fleyg. Þá er farið um 5-6 m. beint til hægri (I) og þaðan upp örfáa metra á brúnina.

Snjóklifurleiðir:

Nr. 6: Vesturhlíð

lóðrétt hækkun: 100 m.

Gráða: I.

tími 1/2 klst.

Sé gert ráð fyrir að farið sé frá Sandskeiði er styttest á fjallið sunnan mestu klettanna (NV-veggjarins). Segja má að klifrið byrji þegar hallinn er kominn í ca. 40°. Klifrað er upp í með stefnu dálítið sunnan við hesta klettinn. Er þar efst létt brúlt í ísuðum klettum sem endar þegar komið er á dálítinn hrygg sem liggur upp á hesta tindinn.

Nr. 7: Flóttamannaleið

Lóðrétt hækkun: 150mtr.

Gráða: II.

átlaður tími: 1-1 1/2 klst.

Farið er á snjó upp yfir fyrsta klettahafðið 10-15 m. Þar getur brattinn náð 50-55°, upp snjóbreiðuna, 45°, á ská til hægri, upp undir bröttustu klettana. Þá er haldið til hægri upp ca. 50° bratta brekku. Þar þrengist snjóbreiðan en breikkar fljótlega aftur og minnkar þar brattinn niður í 35-40°. Haldið er til hægri eftir snjóbreiðunni aðeins niður á við uns komið er fyrir klettana. Þá er haldið upp aðeins á ská til hægri,

uns komið er að klettum.

Upp þá ca. 20 m. Er þá komið upp á brún og þaðan er auðveld ganga á tindinn.

Nr. 8: Norðvesturhlíð

lóðrétt hækkun: 130 m.

Gráða: I/II.

tími: 1 klst.

Stefnt er á klettana nyrst í norðvesturhlíðinni. Fyrst er jafnt hallandi snjóbrekka uns kemur að lóðréttu klettabelti nokkru ofar miðjum hlíðum. Er þar íshaft, 3-4 m., 70° bratt. Þar fyrir ofan tekur við snjófláki, um 45° brattur. Þá er stefnt upp í vik eða lenu til vinstri og minnkar þar brattinn. Víkið endar í þröngri, stuttri rás, ekki brattri og er þaðan stutt leið til suðurs upp á tindinn.

Magnús Guðmundsson

Snævarr Guðmundsson




Smáauglýsing

Til sölu Ultimate klifurhjálmur, stærð Large, hjá Birni, s. 16543.



Black's of Greenock

Tents



Fréttapistill

Eftirtaldir félagar í HSSK lögðu leið sína á skiðum um Hornstrandir um páskana: Björgvin Richardsson, Már Guðmundsson, Jón Gunnar Hilmarsson og Einar Hauksson. Þeir lögðu upp frá Veiðileysufirði 30.mars. Fóru þaðan yfir í Hornvík og síðan í Látravík. Þar nutu þeir gestrisni Jóhanns vitavarðar og gistu m.a. hjá honum eina nótt. Síðan gengu þeir suður Strandir, urðu að gefa upp á bátinn Dranga-jökulsgöngu vegna veðurs, og komu síðan 5.apríl suður í Trékyllisvík. Til Reykjavíkur flugu þeir síðan frá Gjögri eftir vel heppnaða ferð.



Hrútsfjall með Hrútsfjallstindum efst séð frá Svínafellsjökli. Leið Torfa og Snævars lá upp hrygginn hægra megin við skriðjökulinn sem skiptir fjallinu í tvennt. Þeir komust upp á mótis við stóra-klettabeltið í miðjum hliðum. Ljós. Torfi Hjaltason - apríl '80.

Hin geigvænlega suðvesturhlið Hrútsfjalls (1875m) í Úræfajökli fékk sína fyrstu heim-sókn nú um páskana. Þar áttu í hlut þeir Torfi Hjaltason og Snævarr Guðmundsson. Eins og áður segir er ekki vitað til þess að reynt hafi verið að klífa þessa hlið en hún er 1300-1400 m. há og meðalbratti 40-45°.

Þeir félagar lögðu leið sína upp Svínafellsjökul og gerðu síðan atilögu þaðan. Reyndu þeir að fara upp svonefnt Eystra-Hrútsfjall og komust í um 1000 m. hæð á fyrsta degi.

Þar bívökkkuðu þeir um nóttina en urðu að snúa við daginn eftir, eftir að hafa komist hæst í um 1100 m. Snéru þeir við vegna veðurs auk þess sem aðstæður í fjallinu voru afleitar. Leiðin var ekki mjög brött en komst þó á kóflum í 55-60°. Þeir félagar dvöldu inni á jöklinum í nokkra daga til viðbótar en höfðust ekki að vegna veðurs.

Önnur páskaferð í Úræfin var ferð Björns Vilhjálmssonar, Einar Steingrímssonar og Bill Gregory. Þeir gerðu tilraun til að klífa Þumal (1279 m) í Skaftafells-fjöllum. Þeir slógu tjöldum í Bæjarstaðarskógi. Fóru þaðan inn Morsárdal og upp í Hnútdal og bívökkkuðu þar um nóttina. Þaðan er skammt upp að Þumli. Daginn eftir sóttist þeim leiðin seint upp að Þumlinum og snéru síðan við, við bratta fönn sem var mjög hættuleg v.snjóflóða. Auk þess var tími þeirra orðinn naumur, svo tvísýnt var hvort þeim hefði tekist að klífa tindinn í Þjörtnu.

Seinna í þessari sömu ferð fóru þeir Bill og Einar nýja leið á Úræfajökul, upp Virkisjökul. Þar er allt krósssprungið að sumarlagi en nú var allt á kafi í snjó. Þeir voru 6 tíma upp á Hnjúk og 8 1/2 tíma í allri ferðinni og þykir það mjög góður tími.

Allt er þegar þrennt er segir máltækið góða og sjálfsagt hafa þeir félagarnir sex úr Flug-björgunarsveitinni í Reykjavík, sem fyrr í vetur ætluðu að ganga úr Mývatnssveit í Kverkfjöll og þaðan yfir Vatnajökul, annað hvort í Esjufjöll, eða í Lóns-öræfi, haft það í huga við þá ákvörðun, en tvisvar áður hafði þetta verið reynt án árangurs.

Þeir, sem tóku þátt í ferðinni voru: Arngrímur Hermannsson, Björn Hermannsson, Guðjón



Þumall séður frá suðaustri.- Ljós. Einar Steingrímsson - apríl '80.

Halldórsson, Guðlaugur Þórðarson, Gylfi Gunnarsson og Rúnar Nordquist.

Félagarnir flugu norður til Húsavíkur 15.mars s.l. þar sem þeir hittu Guðjón, sem býr þar. Frá Húsavík var haldið í Svartárkot, þar sem haldið var af stað fótgangandi til að byrja með vegna snjóleysis. Ferðin í Sigurðarskála gekk þokkalega og kom hópurinn þangað 18.mars.

Næsti dagur fór í undirbúning fyrir áframhaldandi ferð yfir jökulinn og um kvöldið var haldin mikil átveisla í skálanum. Lagt var á jökulinn þann 20. mars s.l., en þegar í Hveradalina kom fannst skálinn ekki og ákváðu félagarnir að halda niður aftur og gera aðra tilraun.

Eftir tveggja daga dvöl í Sigurðarskála í slæmu veðri var svo tekin ákvörðun um að hætta við jökulferðina vegna snjóflóðahættu og halda þess í stað í vesturátt áleiðis til Sigöldu, en áætlað var að það væri um

5 dagleiðir. Ferðin í Sigöldu gekk með ágætum og voru þeir félagarnir sóttir þangað eftir tæplega hálfsmánaðar ferðalag.

Snævarr Guðmundsson
Sighvatur Blöndahl.

Styrktaraðilar

PLASTPRENT MF.

Höfðabakka 9, sími 85600

RAKARASTOFAN DALBRAUT

Dalbraut 1, sími 86312

RADIÓBÚÐIN

Skipholti 19, sími 29800

FORMPRENT

Hverfisgötu 78, sími 25960

INNKAUPASAMBAND BÓKSALA HF.

Sundaborg, sími 85088

MÓNA LÍSA

Laugavegi 19, sími 17445

Ferðir og fundir ÍSALP

Miðvikudagur 21/5: Opið hús:
Guðlaugur Þórðarson sýnir myndir úr skiðaferð í Kverkfjöll og á Vatnajökli.
Rætt um Tindfjallaferðina.

Laugardagur 24/Mánudagur 26/5:
Tindfjöll:

Fararstjóri: Guðjón Ó. Magnússon

Miðvikudagur 28/5: Opið hús:
Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson sýna páskamyndir og af Esjunni.

Miðvikudagur 4/6: Opið hús:
Rætt um Goðahnúkaferð.

Laugardagur 7/6, sunnudagur 15/6:
Goðahnúkar á Vatnajökli:

Fararstjóri: Þór Egiðsson.
Skiðagönguferð. Gist í tjöldum og í skála Jökklarannsóknafélagsins á Goðahnúkum. Gengið á nærliggjandi fjöll, m.a. Grendil.

Miðvikudagur 11/6: Opið hús - Nýjung:

Almennt myndakvöld, þeir sem eiga skemmtilegar myndir, eru hvattir til að koma með þær til sýningar. Sýningarvél verður á staðnum. Einnig er vel til fundið að koma með pappírsmyndir.

Miðvikudagur 18/6: Opið hús:
Rætt um Hofsjökulsferðina.

Föstudagur 20/- sunnudagur 22/6: Höfsjökull:

Fararstjóri: Guðjón Ó. Magnússon, skiðaferð.

Miðvikudagur 25/6: Opið hús:
Einar Hrafnkell Haraldsson heldur erindi um þrimusa. Rætt um Stardalshnúksferð.

Laugardagur 28/6: Stardals- hnúkur:

Fararstjórar: Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson.

Miðvikudagur 2/7: Opið hús:
Hnutar og meðferð lína. Nauðsynlegt að hafa með 2ja m. spotta af 5 eða 8 mm línu, einnig borða (Tape).

Miðvikudagur 9/7: Bókasafns- kvöld:

Lestur á bókum safnsins. Rætt um ferðina í Kerlingarfjöll.

Föstudagur 11/- sunnudagur 13/7:

Kerlingarfjöll:

Fararstjóri: Ingvar Teitsson. Skiða- og klifurferð.

Miðvikudagur 16/7: Opið hús:
Erlendar kennslumyndir í Klettaklifri eftir Peter Livesey sýndar.

Miðvikudagur 23/7: Bókasafnskvöld:
Lestur á bókum safnsins. Rætt um ferðina á Þingvöllum - Botnssúlur.

Laugardagur 26/7: Þingvellir - Botnssúlur:

Nánar ákveðið síðar.

Miðvikudagur 30/7: Opið hús:
Félagar eru kvattir til að hittast og ræða um hugsanlega ferð um verslunarmannahelgina.

Föstudagur 1/- mánudagur 4/8:
Ferð um verslunarmannahelgina.

Miðvikudagur 6/8: Opið hús:

Miðvikudagur 13/8: Opið hús:
Sýndar myndir úr Goðahnúkaferð klúbbsins. Rætt um ferðina á Fjallakirkjuna.

Föstudagur 15/- sunnudagur 17/8:
Fjallakirkja - Hrutfell:
Nánar ákveðið síðar.

Miðvikudagur 20/8: Opið hús:
Guðjón Ó. Magnússon sýnir myndir úr páskaferð frá Skógum að Sigöldu.

Miðvikudagur 27/8: Opið hús:
Rætt um Stardalshnúksferð.

Sunnudagur 31/8: Stardalshnúkur:

REPRO
OFFSETVINNA
PRENTHÖNNUN



HVERFISGÖTU 78

25210

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



Camp
Trails



MoAc



ajungilak



Blacks
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier



Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSLUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERÐAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af  Hjálparsveit Skáta Reykjavík